

Borgarráð Reykjavíkur  
Skrifstofu borgarstjórnar  
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

28. október 2019

**BORGARRÁÐ 18. júlí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fulltrúi leigjenda taki sæti í stjórn húsfélagsins á Lindargötu 57-66 - R 19070156**

**Svar Félagsbústaða:**

Á Lindargötu 57-66 eru 94 þjónustuíbúðir og eru langflestar í eigu Félagsbústaða eða 81, en hinar 13 eru í einkaeigu, auk þess á Reykjavíkurborg á hluta eignarinnar þar sem starfrækt er félags- og tómstundastarf.

Í stjórn húsfélagsins eiga sæti 3 fulltrúar eigenda eins og lög gera ráð fyrir, þ.e. frá Reykjavíkurborg, frá eigendum íbúða í einkaeigu og frá Félagsbústöðum. Allir eigendur eru félagsmenn í húsfélögum fjöleignarhúsa. Kjörgengir til stjórna eru félagsmenn, makar þeirra eða sambúðarfólk og nánir ættingjar. Hlutverk húsfélaga er aðallega að sjá um varðveislu, viðhald, endurbætur og rekstur sameignar og skal öllum sameiginlegum málefnum ráðið til lykta í húsfélagi.

Undirrituð telur rétt að beina tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins til stjórnar húsfélagsins á Lindargötu 57-66.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri